

# VINNUSKÓLINN Á BLÖNDUÓSI

## SUMARIÐ 2018

Yfirmaður Vinnuskólans á Blönduósi er:

Páll Rúnar Heinesen Pálsson

Netfang Vinnuskólans er: [vinnuskoli@blonduos.is](mailto:vinnuskoli@blonduos.is)

Fyrsti vinnudagur er þriðjudagurinn 6. júní, mæting er klukkan 8:00 í Þjónustumiðstöð Blönduósbæjar, Ægisbraut 1. Símanúmer flokkstjóra Vinnuskólans er **844 9621**

Unglingar fæddir 2002 fá vinnu 7 klukkustundir á dag frá klukkan 8:00 - 16:00 frá mánudegi til föstudaga. Vinnan er á tímabilinu 5. júní – 10. ágúst.

Unglingar fæddir 2003 og 2004 fá vinnu 7 klukkustundir á dag frá kl: 8.00 til klukkan 16:00 frá mánudegi til fimmtudags, ekki unnið á föstudögum. Vinnan er á tímabilinu 5. júní – 10. ágúst.

Unglingar fæddir 2005 fá vinnu 4 klukkustundir á dag frá klukkan 8:00 - 12:00, ekki unnið á föstudögum. Vinnan er á tímabilinu 18. júní – 13. júlí.

Laun eru borguð út um mánaðamót og eru tímalaun ungmenna eins og hér segir:

Árgangur	Kr. / klst
2005	439
2004	498
2003	593
2002	1.386




10. bekkur og unglingar eldri en 16 ára þurfa að láta vita ef nýta á skattkort og greiða félagsgjöld og iðgjald í lífeyrissjóð. Iðgjöld reiknast frá næstu mánaðarmótum eftir 16 ára afmælisdag.

Unglingar eru tryggðir launþegatryggingu sem tryggir þá í vinnu og á beinni leið til og frá vinnu.

## Reglur Vinnuskólans:

1. Nemendur hlíta fyrirmælum flokkstjóra
2. Nemendur skulu sýna kurteisi og tillitsemi gagnvart samstarfsfólki sínu og öllum gangandi vegfarendum
3. Nemendur skulu vera stundvísir og mæta á réttan stað hverju sinni
4. Nemendur beri virðingu fyrir verkfærum og fari vel með þau
5. Notkun snjallsíma er bönnuð, ef foreldrar þurfa að hafa samband við börn sín á vinnutíma geta þau haft samband við flokkstjóra.
6. Notkun I-poda og Mp3 spilara er alfarið stjórnað af flokkstjórum vinnuskólans
7. Reykingar og önnur vímuefni eru stranglega bönnuð
8. Allir sem nota hjól eru skyldugir til þess að nota hjálm. Ef nemandi kemur hjálmlaus á hjóli í vinnuna verður hjólið kyrrsett
9. Nemendum vinnuskólans er skylt að klæðast öryggisvestum á vinnutíma sem vinnuskólinn útvegar
10. Nemendum er ekki heimilt að yfirgefa vinnustað sinn í kaffihléum, hvorki til að fara heim eða til að versla

Brot á starfsreglum getur haft í för með sér brottvísun úr starfi



- Vinnuskólinn er hugsaður til þess að kenna unglingum að bera virðingu fyrir sjálfum sér og þeim sem þau vinna með í Vinnuskólanum. Lögð er áhersla á að læra að taka ábyrgð á eigin verkum og rétttri meðferð verkfæra.



- Helstu verkefni sumarsins eru snyrting og umhirða opinna svæða, gróðursetning, hreinsun stétta, garðsláttur og ruslahreinsun.
- Hafa skal í huga að taka með sér nesti í vinnuna.
- Flokkstjórum er ekki ætlað að keyra nemendur í mat, kaffi eða heim eftir vinnu.
- Æskilegt er að nemendur hafi einnig með sér viðeigandi hlífðarföt, plastpoka ef blautt er úti og sólarvörn ef við á.
- Veikindi skulu tilkynnt af forráðamanni til yfirmanns Vinnuskólans að morgni í síma 844 9621 (ekki á skrifstofu)
- Einnig viljum við vita ef einhverjir eru búnir að skipuleggja frí í sumar við fyrsta tækifæri.



Umsóknum skal skilað á bæjarskrifstofu fyrir 22. maí 2018.  
Bestu kveðjur, starfsfólk Vinnuskólans